



Frá skólastjóra

Skrifstofa
Hraunvallaskóla er
opin mánudaga til
fimmtudaga frá
7:45 til 16:00 og á
föstudögum frá
7:45 til 15:00

Sími skólans er:
590-2800

Síminn í Hraunseli
er: 590-2810



Hraunvallaskóli er fjölmenningarlegur skóli

Hraunvallaskóli er fjölmenningarlegur skóli sem við fögnum, því þegar börn nema við fjölmenningarlegar aðstæður læra þau að hafa jákvæða afstöðu gagnvart ólíkri menningu og tileinka sér umburðarlyndi gagnvart ólíkum hugmyndum og hefðum. Leiðarljós í fjölmenningarlegu skóla- og frístundastarfi er að öll börn og ungmenni nái árangri í námi og leik, standi vel að vígi félagslega og fái jöfn tækifæri til að vera stolt af bakgrunni sínum og menningu. Börn með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn eiga rétt á kennslu við sitt hæfi þar sem nám á að gera ráð fyrir að allir nemendur geti stundað alhliða nám í íslensku skólastarfi með jafnöldrum sínum og tekið virkan þátt í samfélaginu. Mikilvægt er að tengja námið við fyrri þekkingu og reynslu og gefa nemendum tækifæri til að nýta kunnáttu í öðrum tungumálum.

Jafnframt er mikilvægt að skapa jákvætt, öruggt og hvetjandi námsumhverfi þar sem öll börn tilheyra. Menningarmiðuð áhersla í skólastarfi styður þannig við félagslega vellíðan, dregur úr fordómum og eflir lýðræðislega þátttöku allra.



Kær kveðja
Lars Jóhann Imsland
Skólastjóri Hraunvallaskóla

AFMÆLISÓLYMPIÚHLAUP HRAUNVALLASKÓLA!

Afmælisólympíuhlaup Hraunvallaskóla

Ólympíuhlaup ÍSÍ áður Norræna skólahlaupið hefur verið fastur liður í skólastarfi margra grunnskóla allt frá 1984 þegar það fór fyrst fram. Með hlaupinu er leitast við að hvetja nemendur skólanna til þess að hreyfa sig reglulega og stuðla þannig að betri heilsu og líðan. Í ár hlupum við sérstakt afmælishlaup í tilefni 20 ára afmæli skólans. Foreldrum og starfsfólki skólans var boðið að hlaupa með og var gaman að sjá að margir tóku boðinu og hlupu með nemendum. Nemendur hlupu flest að minnsta kosti einn hring, eða 2,5 kílómetra og fóru einhverjir meira að segja 6 hringi eða heila 15 kílómetra! Unglingadeildin safnaði áheimum eins og fyrri ár og í ár hlupu þau fyrir samtökin Ljónshjarta. Ljónshjarta eru samtök til stuðnings yngra fólki (20-50 ára) sem misst hefur maka og börn þeirra og söfnuðust 76.300 krónur fyrir það mikilvæga málefni. Áfram Hraunvallaskóli!!



SMIÐJUR !



Smiðjurnar okkar

Í smiðjunum okkar vinna nemendur skapandi, frumleg og mjög skemmtileg verkefni. Skoðum nokkur dæmi!

Myndmennt



Hér fyrir ofan má sjá verkefni 8. bekkjar í myndmennt þar sem verkefnið var að gera sjálfsmynd í pop art stíl.

Svo er hér 6. bekkur að gera mynd af kennurum sínum í anda listamannsins Chuck Close.



Leiklist

9. bekkur bauð börnum úr leikskólanum að koma og sjá skuggaleikhús sem að nemendurnir settu upp og lukkaðist það mjög vel hjá þeim!



Efnilegir listamenn í listasmiðjum.


BÓKASAFNIÐ



Bókasafns-og læsisdagur!

Á bókasafninu okkar er alltaf nóg um að vera. Þann 8 september var bókasafns- og læsis dagur á öllum bókasöfnum. Þar er markmiðið að minna á mikilvægi lesturs og læsis. Bókasöfnin eru einn af hornsteinum lestrarmenningu Íslands og þess vegna leggjum við áherslu á læsi í slagorði bókasafnsdagsins:

Lestur er bestur!



Doppudagurinn

Doppu dagurinn dásamlegi var þann 15. september en það er heimsviðburður þar sem fagnað er sköpun, hugrekki og samvinnu!





Dagur íslenskrar náttúru og „talk like a pirate day” haldnir hátíðlegir

Degi íslenskrar náttúru var að sjálfsögðu fagnað á bókasafninu þann 16. september



og „Talk like a pirate day” eða „talaðu eins og sjóræningi” dagurinn var haldinn hátíðlegur þann 19. september. Í tilefni dagsins var margt í boði fyrir nemendur eins og sjóræningjaprautir, verkefni, sjóræningjamyndir til að lita og var sjóræningjamynd í gangi á skjávarpanum. Einnig voru teknar myndir af flottum sjóræningjum!






Bannaðar bækur!

Í vikunni 5. -11. október var vika bannaðra bóka. Tilgangur alþjóðlegrar viku bannaðra bóka er að vekja athygli á þeim verkum sem hafa verið bönnuð, fjarlægð eða aðgangur að þeim takmarkaður á einhvern hátt, aðallega í skólum og bókasöfnum í Bandaríkjunum.

Meginmarkmið vikunnar er að fagna lestrarfrelsinu – rétti einstaklingsins til að velja sér lesefni án ritskoðunar.



Bíó-bækur og bleikur október

Bóka- og bíóvika var haldin hátíðleg vikuna 12.-18.október, þar sem áhersla er lögð á bækur og kvikmyndir og hver er munurinn á þeim. Tilgangur er að efla áhuga barna á lestri og læsi í víðum skilningi og styðja þannig við læsisverkefni í leik- og grunnskólum.

Og svo var það bleikur október. Við stöndum með öllum konum sem greinst hafa með krabbamein og aðstandendum þeirra. Hér á bókasafninu var bleikur október og þá gátum við fengið okkur bleika bók .



Alltaf fjör á bókasafninu!!



LEIKSKÓLAFRÉTTIR

Barnvænt samfélag var innleitt veturinn 2023 til 2025. Barnvænt skólastarf í anda Barnasáttmálans, Farsældarlaganna og heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna er alls ekki sjálfgefið. Slíkt andrúmsloft krefst stöðugar ígrundunar, mats og framkvæmda af hálfu ALLRA þátttakenda skólastarfsins. Hafnarfjarðarbær og Rannung auglýstu eftir þátttakendum og leikskólinn sótti um. Síðasta vetur hættu elstu leikskólabörnin að borða með nemendum grunnskólans í matsal Hraunvallaskóla eins hefð var orðin fyrir. Þess í stað opnuðum við matstofu á deildinni þeirra úti á Leikvöllum í anda barnvæns samfélags, þar sem lýðræði, sjálfstæður vilji barnanna og skoðanir voru virtar. Börnin fóru í röð og skömmtuðu sér sjálf af hlaðborði, helltu sjálf í glösin sín og smurðu sér sjálf brauð. Á sama tíma opnaði matstofa inni í aðalbyggingu leikskólans fyrir næst elstu börnin, á Höfða og Hóli, með sömu formerkjum. Börnin skammta sér sjálf, ráða hvar þau sitja, hvað þau tala um við borðið og kennarar eru styðjandi og leiðbeinandi; ræddu til dæmis við börnin um magamál sitt og matarsóun. Áherslan er á hæglæti, rólegheit og nægan tíma til að skammta sér og matast.


Í október byrjuðu elstu börnin aftur að fara í matsal grunnskólans með aðeins öðrum formerkjum en veturinn þar á undan. Þau fá að skammta sér sjálf sem er nýbreytni frá því fyrir tveimur árum og velja hvar þau sitja á ákveðnum borðum sem leikskólanum hefur verið úthlutað. Á svipuðum tíma byrjaði næst yngsta deildin að fara í matstofu inni í leikskólanum. Yngstu börnin eru mjög dugleg að fara í röð, fá stuðning eftir atvikum til að skammta sér sjálf.

Viðtöl við börn og kennara gefa til kynna ánægju með þetta fyrirkomulag. Elstu börnin eru jafnframt ánægð með að vera komin aftur í matsal grunnskólans. Sameiginlegar matmálstímar stuðla að samfellu og mjúkum skilum milli skólastiga. Leikskólabörnin hitta gamla vini sem hafa útskrifast úr leikskóla og hafið grunnskólagöngu. Jafnframt fá grunnskólabörnin að hitta kennarana sína frá í leikskóla.



Eftir að deildin úti á Leikvöllum lokaði fyrir sumarfrí gafst rými til að opna listasmiðju og leiksmiðju. Grunnþættir menntunar, læsi, sköpun, lýðræði og jafnrétti, sjálfbærni, heilbrigði og velferð fléttast saman í öllu smiðjustarfinu. Í listasmiðju er leikskólakennari sem tekur á móti litlum hópum barna af þrem eldri deildunum. Börn og starfsfólk eru mjög ánægð með fyrirkomulagið. Börnunum finnst mjög gaman og með færri börn á deildum á meðan gefst tækifæri til að sinna þeim sem eftir eru betur. Í listasmiðju hafa börnin töluvert frelsi til að skapa það sem þau langar til. Efniviður er fjölbreyttur, bæði endurnýtanlegur, opinn, ásamt efnivið til sérstakra nota. Leikskólakennarinn í listasmiðjunni er snöggur að grípa ýmissa gersema til sköpunar sem annars hefðu farið í endurvinnslugáma, eins og pappakassar, pappír af ýmsu tagi og fleira. Hún leggur einnig áherslu á fjölbreyttar aðferðir til að börnin geti beitt skynjun sinni. Alltaf er mismunandi efni í kerri. Nú eru til dæmis í boði hrísgrjón sem börnin geta fíktað í, strokið, búið til hóla úr og fleira. Þess má geta að sérstakt skynjunarherbergi er í bígerð úti á Leikvöllum. Þar verður áhersla á róandi liti, fjölbreytt úrval af lýsingu, mjúka púða, leikföng og efnivið sem hægt er að skynja og upplifa á mismunandi hátt.

Á sama tíma kemur annar hópur í leiksmiðju til leikskólakennara. Þar fer fram leikur og leikþjálfun. Stundin hefst með því að heilsast og aðstoðarkennari er valinn úr barnahópnum. Þá er einföldum efnivið komið fyrir hjá börnunum sem bætist í smátt og smátt eftir því sem líður á stundina. Í lok stundar er gengið frá og kvatt og hópurinn sem var í listasmiðju kemur í leiksmiðju og öfugt. Börnin eru flest mjög spennt að koma og hafa þau sýnt framfarir í leik síðan leiksmiðjan byrjaði í haust, bæði í leiksmiðju og í leik inni á deildum. Sérkennari býður börnum í stundunum að koma í vinnustund til sín úr smiðjunum. Sérkennarinn leggur sérstaka áherslu á málörvun tví- eða fjöltyngdra barna. Ekki er vanþörf á því enda um 50% tví- og fjöltyngi er meðal barna í Hraunvallaleikskóla þetta árið. Smiðjurnar eru gullið tækifæri til að veita börnunum fjölbreytta kennslu þar sem þau eru stödd, áhugasvið þeirra og skoðanir eru mikilvægar og hver getur vaxið á eigin forsendum.






BLEIKI DAGURINN



Bleiki dagurinn var haldinn hátíðlegur þann 24. október í Hraunvallaskóla. Nemendur og starfsfólk skólans klæddust bleiku, kaffistofan fallega skreytt af gleði- og menningarteymi og boðið var upp á girnilegar og gómsætar bleikar veitingar. Þannig lýstum við upp skammdegið með bleikum ljóma og minntum á að það er list að lifa með krabbameini.



HRAUNBORG

Hraunborg – Sérdeild fyrir börn á einhverfurófi við Hraunvallaskóla


Á vordögum 2025 var tekin sú ákvörðun að stofna sérstaka deild við Hraunvallaskóla fyrir börn á einhverfurófi. Deildin var sett upp í húsnæði sem áður hýsti safnskóla fyrir grunnskólabörn frá Grindavík, en það húsnæði losnaði um vorið. Nýja deildin fékk nafnið Hraunborg.

Við Hraunborg stunda nú nám níu börn á yngsta stigi grunnskólans. Mikil áhersla er lögð á að aðlaga bæði kennslurými og frístundastarf þannig að þau styðji sem best við náms- og félagslega færni nemendanna. Þar sem einhverfa er flókin og fjölbreytt þroskaröskun sem birtist á ólíkan hátt hjá hverju barni, er nauðsynlegt að beita fjölbreyttum og einstaklingsmiðuðum kennsluáferðum.

Í deildinni er unnið eftir TEACCH-áferðinni, sem hefur reynst árangursrík í kennslu barna með einhverfu. TEACCH byggir á skipulögðu námsumhverfi og sjónrænum vísbendingum, sem styðja við sjálfstæði og skilning nemenda. Jafnframt er lögð áhersla á að greina styrkleika og þarfir hvers barns og þróa kennsluhætti og stuðning sem hentar því sem best.

Starfsemi Hraunborgar er enn í mótun, enda hefur deildin nýlega hafið starfsemi sína. Verkefnastjóri deildarinnar er menntaður þroskajálfi og grunnskólakennari. Með henni starfa grunnskólakennari, þroskajálfi og fimm skóla- og frístundaliðar auk aðstoðardeildarstjóra Frístundar, sem mynda öflugt teymi um daglegt starf og stuðning við börnin. Samstarf heimila og skóla er ávallt lykilþáttur í farsælu skólastarfi, en það vegur enn þyngra í starfi með börnum sem búa við fjölbættar áskoranir. Markmiðið með stofnun Hraunborgar er að skapa öruggt, einstaklingsmiðað og faglegt umhverfi þar sem hvert barn fær tækifæri til að þroskast og dafna á eigin forsendum.

Íris Baldvinsdóttir verkefnastjóri Hraunborgar



HRAUNSEL

Í Hraunseli hefur verið mikið stuð í haust. Dagarnir okkar byrja alltaf á útiveru og síðan förum við inn og fáum okkur síðdegishressingu. Eftir það tekur við val inni í Hraunseli eða Mosa. Í hverri viku er í boði að fara í íþróttasalinn og uppá bókasafn og er það alltaf jafn vinsælt. Síðan reynum við einnig að vera með einhverskonar klúbba á hverjum degi, þar sem börnin geta fönðrað og gert ýmislegt skemmtilegt.

Í gegnum skólaárið erum við með mismunandi þemavikur sem snúa að frístundalæsi og erum við búin að vera með náttúru- og umhverfispema og heilsupema núna í haust. Þegar við vorum með náttúru- og umhverfispema vorum við með skemmtilega útileiki og allskonar fönður þar sem var fönðrað tré og blóm og annað fallet. Í heilsupemanu hjá okkur vorum við með stóladans, stoppdans, útileiki, jóga og allskonar skemmtilegt fönður.

Við erum að vinna að skipulagi fyrir jólasmiðjur sem verða í Hraunseli dagana 22., 23., 29. og 30. desember en við erum spennt að brasa allskonar skemmtilegt saman í jólafríinu. Við sendum póst þegar það opnar fyrir skráningu í jólasmiðjur Hraunsels.

Kær kveðja, Adda, Katha og starfsfólk Hraunsels 😊





FLEIRI MYNDIR




MOSINN


Mosaárið hefur heldur betur byrjað frábærlega. Við erum komin með rosalega flott nemendafélag sem samanstendur af 12 flottum ungmönnum úr 8., 9. og 10. bekk. Nemendafélagið stendur fyrir mörgum flottum viðburðum og ætla þau sér að keyra mjög flott starf á þessu skólaári.

Í haust hefur margt skemmtilegt átt sér stað í Mosanum. Vikuna 13.-17. október var félagsmiðstöðva og ungmennahúsa vikan og byrjuðum við vikuna á opnu húsi í Mosanum þar sem krakkarnir gátu tekið með sér fjölskyldumeðlimi og sýnt starfið í Mosanum. Á opna húsinu var boðið uppá vöflur og sá nemendafélagið um að baka vöflur fyrir gesti. Þann 24. október var draugahús Mosans haldið sem í þetta skiptið var staðsett í Mosanum. Draugahúsið gekk ótrúlega vel og var þvítíkt góð mæting. Nemendafélagið var búið að vinna hörðum höndum að því að gera draugahúsið hræðilegra en nokkru sinni fyrr og fengu þau einnig mikla aðstoð frá fleiri ungmönnum úr unglingadeildinni. Við eigum svo flotta krakka í skólanum okkar sem eru að gera þvítíkt flotta hluti fyrir bæði skólann okkar og nærumhverfi.

Kær kveðjur, Adda, Diljá og starfsfólk Mosans 😊



DRAUGAHÚS MOSANS



HREKKJAVAKA



Við höldum að sjálfsgöðu upp á Hrekkjavökuna í Hraunvallaskóla, enda er fátt skemmtilegra en að mæta í skólann í frábærum búningum og hafa svolítið gaman saman. Látum myndirnar tala sínu máli. Við erum svo mögnuð!





LESTRARÁTAK

Svakaleg lestrarkeppni í Hraunvallaskóla

Á tímabilinu 15. september til 15. október tóku nemendur í 1.–7. bekk þátt í Svakalegu lestrarkeppninni sem allir skólar á landinu geta tekið þátt í. Einn helsti tilgangur keppinnar er að auka lestraráhuga barna, gera hann sýnilegan og vekja athygli á þeim árangri og samvinnu sem náðst hefur.

Á þessu tímabili lásu nemendur í 1.–7. bekk í Hraunvallaskóla samtals um 250.000 mínútur. Það er sannarlega glæsilegur árangur og eflaust hafa ekki allar mínútur verið skráðar, svo raunverulegur fjöldi lesturminútna er líklega enn meiri.

Eina viku á þessu tímabili tók allur skólinn, nemendur í 1.–10. bekk ásamt öllu starfsfólki skólans, þátt í auka lestrarátaki. Alla morgna klukkan 10:50 lásu allir í 15 mínútur. Markmiðið var að leggja áherslu á mikilvægi lesturs, gera hann sýnilegan í skólanum og sýna að starfsfólk skólans eru góðar fyrirmyndir þegar kemur að lestri.



 **SVAKALEGA**  **LESTRARKEPPNIN!**



HVAÐ ER ÞETTA
EIGINLEGA?

Hér má sjá nemendur ötula við lestur í lestrarátakinu!

Brosið

Fréttablað Hraunvallaskóla
Drekavöllum 9
221

Ritstjóri: Margrét Lára Guðmundsdóttir
margretl@hraunvallaskoli.is

Ábyrgðarmenn: Lars Jóhann Imsland

www.hraunvallaskoli.is

www.leikskolinn.is/hraunvallaskoli

www.mosinn.is

